

EIGENDAFUNDUR ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2022, föstudaginn 19. ágúst kl. 12:30 var haldinn eigendafundur Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1, og um fjarfundabúnað.

Þessi sátu fundinn: Einar Þorsteinsson, formaður borgarráðs og staðgengill borgarstjórans í Reykjavík, Sævar Freyr Þráinsson, bæjarstjóri Akraness og Stefán Broddi Guðjónsson, sveitarstjóri Borgarbyggðar. Einnig sátu fundinn Brynhildur Davíðsdóttir og Edda Sif Aradóttir.

Elín Smáradóttir var fundarritari.

Þetta gerðist:

Brynhildur Davíðsdóttir, formaður stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, setti fund og var kjörin fundarstjóri. Fundarstjóri fór yfir boðun fundarins. Engar athugasemdir voru gerðar við boðun. Að því loknu úrskurðaði fundarstjóri fundinn löglegan og stakk upp á að Elín Smáradóttir yrði fundarritari. Samþykkt.

1. Tillaga um stofnun hlutafélags um Carbfíx.

Fyrir var tekin að nýju svohljóðandi tillaga stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur-eigna ohf., sem ekki var afgreidd á eigendafundi í desember 2021:

- *Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur-eigna ohf. samþykkir fyrir sitt leyti að stofnað verði nýtt rekstrarfélag um verkefni Carbfíx, hlutafélag Carbfíx hf., sem verði dótturfélag Carbfíx ohf. Samþykkt þessi er með fyrirvara um heimild hluthafafundar Carbfíx ohf. og eigendafundar OR. Jafnframt samþykkir stjórn fyrir sitt leyti að í framhaldinu verði stofnuð félög um einstök kolefnisförgunarverkefni.*

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 13:00.

Einar Þorsteinsson

Sævar Freyr Þráinsson

Stefán Broddi Guðjónsson

Undirritunarsíða

Einar Þorsteinsson

Sævar Freyr Þráinsson

Stefán Broddi Guðjónsson